

Útibússtjóri á Selfossi

Við leitum að metnaðarfullum og kraftmiklum útibússtjóra á skrifstofu okkar á Selfossi. Í boði er spennandi og krefjandi starf hjá framsæknu félagi sem hefur á að skipa öflugum og samhentum hópi starfsmanna.

Helstu verkefni:

- Umsjón og ábyrgð með þjónustu og rekstri útibúsins
- Markaðssetning og áætlanagerð
- Ráðgjöf, sala og þjónusta til viðskiptavina
- Ábyrgð á umboðum og þjónustuaðilum á svæðinu.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Þjónustulund og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af fjármála- eða váttryggingastarfssemi er kostur.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2010. Umsóknir skulu fyllast út á www.sjova.is merkt „Útibússtjóri á Selfossi“. Nánari upplýsingar veita Jón Birgir Guðmundsson, forstöðumaður útibúa og umboða, jonbirgir@sjova.is, sími 440 2385 og Guðrún Inga Guðlaugsdóttir, fræðslustjóri, guðrun.gudlaugsdottir@sjova.is, sími 440 2327.

Sjóva er leiðandi félag sem leggur metnað sinn í að tryggja verðmætin í lífi fólks. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.



PIVITA_HUSID/SIA - 10-04-07



Landsbankinn er stærsta fjármála-fyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 37 útibú og afgreiðslur um land allt.

Mannauðsstjóri

Landsbankinn auglýsir starf mannauðsstjóra laust til umsóknar. Starfið felur í sér áherslu á metnaðarfulla mannauðsstefnu og góða fyrirtækjamenningu. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi til að annast þetta ábyrgðarmikla og fjölbreytta starf.

Upplýsingar veita:

Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is og Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700 www.hagvangur.is

Helstu verkþættir:

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málum
- Stuðla að trausti fyrirtækjamenningu
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni
- Umsjón með starfsþróunarmálum
- Mat á mannaflapörf og umsjón með ráðningum
- Ábyrgð á gerð starfslýsinga og starfssamninga
- Þátttaka í mótun og framkvæmd launastefnu

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er æskileg
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar er nauðsynleg
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

POLARN O. PYRET

Barnafataverslun

Barnafataverslunin POLARN O. PYRET selur vandaðan barnafatnað á 0–11 ára.

Við leitum að liðsmanni í góðan hóp starfsmanna okkar til að þjónusta viðskiptavinum, stilla fram vörum í verslun og taka á móti sendingum ásamt öðru því sem til fellur.

Leitað er eftir jákvæðum og skipulögðum einstaklingi sem hefur til að bera starfsgleði, fúmkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og þjónustulund. Reynsla af verslunarstörfum skilyrði og kostur ef viðkomandi er eldri en 30 ára.

Um er að ræða 80–90% starf í verslun okkar í Smáralind auk vinnuframlags aðra hvora helgi.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslunum í Kringlunni og Smáralind. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

POLARN O. PYRET



Umsjónamaður Húseigna Maintenance Technician

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Umsjónamanns Húseigna í tímabundið hlutastarf.

Umsóknarfrestur er til 3 september 2010. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a part-time temporary-position of Maintenance Technician. The closing date for this position is September 3, 2010. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

Sölumaður í verslun

Start tölvuverslun rekur glæsilega tölvuverslun í Bæjarlind 1 í Kópavogi. Við leitum að sölumanni í verslun okkar með reynslu og þekkingu af tölvu-vörum. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund. Reglusemi og stundvísi er skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 29. ágúst 2010

Umsóknir óskast sendar á atvinna@start.is

start
TÖLVUVERSLUN

Capacent Ráðningar

INNKAUP - SÉRFRÆÐINGUR

Elkem Ísland ehf. leitar að öflugum einstaklingi til starfa við hráefnainnkaup hjá félaginu. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra innkaupasviðs.

Starfssvið

- Innkaup á hráefnum og tengdum aðföngum fyrir magnesíum ksiljárnframleiðslu Elkem á Íslandi
- Umsjón með flutningum frá framleiðenda
- Skipulag geymslu á hráefnum innan og utan athafnasvæða Elkem á Íslandi
- Gerð notkunaráætlana fyrir hráefni í samstarfi við framleiðslu
- Áhættugreining innkaupa
- Þarfagreining í aðfangaöflun og birgðastýring
- Þátttaka í samningagerð

Elkem Ísland ehf. er staðsett á Grundartanga, sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málblendi og leggur ríka áherslu á að mæta yfstrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Framleiðsla og starfsemi Elkem er knýjandi afl í vitundarvakningu almennings í umhverfismálum. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika innan sem utan hefðbundinna viðskiptasviða. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, rekstrarfræði eða skyldum tæknigreinum.
- Reynsla í samningagerð er kostur
- Reynsla af stjórnun aðfangaöflunar hjá stóru fyrirtæki æskileg
- Gott vald á tölfræðilegri greiningu gagna
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta, kunnátta í Norðurlandamáli kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Capacent Ráðningar

SPENNANDI STARF Á SVIÐI STARFSENDURHÆFINGAR!



Starfsendurhæfingarsjóður leitar að sérfræðingi/ráðgjafa til að vinna að fjölbreyttum verkefnum á sviði starfsendurhæfingar. Um er að ræða bæði ráðgjöf til einstaklinga á mismunandi starfsstöðvum og vinnu við ýmis þróunarverkefni hjá sjóðnum. Hér gefst einstakt tækifæri til að vinna að uppbyggingu, þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Um er að ræða mjög krefjandi starf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi (t.d. á sviði sálfræði, náms- og starfsráðgjafar, iðjubjálfunar, sjúkraþjálfunar, félagsráðgjafar eða hjúkrunar)
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði ráðgjafar
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð skipulags- og samskiptahæfni
- Leiðtogaþæfileikar og jákvætt viðmót
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð

Að Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og viðeigandi úrræðum. Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknur eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI
FJÁRMÁLASVIÐS

Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Starfið heyrir beint undir forstjóra.

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi og helstu viðskiptavinir þess eru alþjóðleg fyrirtæki. Breytingar á alþjóðlegum raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bættar arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Verksvið framkvæmdastjóra er að:

- Tryggja hagkvæmstu fjárbindingu í rekstrarlegum eignum
- Annast daglega fjárstýringu og tryggja hagkvæmstu niðurstöðu
- Annast greiningu og stýringu á fjárhagslegri áhættu bæði vegna skuldbindinga sem fela í sér fjárhagslega hagsmuni og viðskiptalega áhættu
- Bera ábyrgð á uppgjöri og fjárhagslegri skýrslugerð til stjórnar og stjórnenda

Menntunarkröfur og reynsla:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálastjórnun hjá stóru fyrirtæki
- Reynsla af fjármögnun og samskiptum við innendar sem erlendar fjármálastofnanir
- Reynsla af stjórnun og samningagerð

Leitum að einstaklingi sem hefur:

- Leiðtogahæfileika
- Stefnumótandi hugsun
- Yfirgripsmikla fjármálareynslu
- Greiningarhæfni
- Mjög góða samskiptahæfileika
- Mjög góða enskukunnáttu

Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja itarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI
ÞRÓUNARSVIÐS

Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra þróunarsviðs. Starfið heyrir beint undir forstjóra. Breytingar á rekstrarumhverfi Landsvirkjunar skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Þess vegna hefur verið ákveðið að stofna nýtt svið, þróunarsvið. Innlend starfsemi dótturfélagsins, Landsvirkjunar Power, verður færð á nýja sviðið.

Verksvið þróunarsviðs er:

- Þróun virkjunarkosta
- Leyfisveitingar fyrir virkjanir
- Tryggja hagkvæma útfærslu á virkjunarkostum
- Auka sveigjanleika í orkuframleiðslu
- Nýsköpun í orkuframleiðslu
- Langtímayfirsýn yfir orkuforða
- Tryggja bestu vinnubrögð og stuðla að aukinni þekkingu

Menntunarkröfur og reynsla:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af undirbúningi framkvæmda
- Reynsla af nýsköpun og þróun
- Reynsla af stjórnun og samningagerð
- Reynsla af stefnumótun

Leitum að einstaklingi sem hefur:

- Leiðtogahæfileika
- Skapandi hugsun
- Greiningarhæfni
- Mjög góða samskiptahæfileika
- Mjög góða enskukunnáttu

Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Krefjandi verkefni

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bættar arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja itarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



Námsráðgjafi – afleysing

Menntaskólinn Hraðbraut leitar eftir einstaklingi til að leysa námsráðgjafa af í fæðingarorlofi. Um er að ræða 50% starf í eitt ár. Reynsla sem náms- og starfsráðgjafi úr framhaldsskóla er kostur.

Umsóknir sendast til Sigríðar Þrúðar Stefánsdóttur, aðstoðarskólaláttjóra í netfangið sigridur@hradbraut.is

Umsóknarfrestur er til 28. ágúst.

Saumastofa ÖBÍ

Saumakona með reynslu af almennum saumaskap, sniðagerð og öðru sem snýr að saumaskap óskast til starfa hjá Saumastofu ÖBÍ í Hátúni 10. Áhugi á sölumennsku og samskiptum við viðskiptavini er æskilegur kostur.

Leiðbeinandi -Ræstingar

Leiðbeinandi óskast til starfa í ræstingadeild Vinnustaða ÖBÍ í Hátúni 10. Vinnan felst í verkstjórn 4-5 starfsmanna ásamt vinnu með þeim. Vinnutíminn er kl. 8-12 virka daga.

Vinnustaðir ÖBÍ bjóða upp á góða vinnuáðstöðu á þægilegum vinnustað. Áhugasamir sendi tölvupóst á thorsteinn@vobi.is, Þorsteinn (skrifstofa) eða Harpa (saumastofa) s. 552 6800

Störf á Suður - Grænlandi

Angel Minig plc. óskar eftir að ráða vélvirkja eða menn vana vinnuvéla viðgerðum til viðgerða og viðhalds á námutækjum sem notuð eru við gullvinnslu

Unnið er í 6 vikur og 3 vikur í fríi, laun samkvæmt samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar veitir Óskar Guðmundsson sími 899 0448 eða 421 2799.

Ferilskrá óskast send á:

Oskar.gudmundsson@angelmining.com
Ture.groenlund@angelmining.com
Tim.daffern@angelmining.com

Capacent Ráðningar

RÁÐUNEYTISSTJÓRI



Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fer með mál er varða efnahagsmál, viðskiptamál og málefni fjármálamarkaðar.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið auglýsir embætti ráðuneytisstjóra laust til umsóknar. Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar í embættið til fimm ára.

Um embættið gilda lög um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969, með síðari breytingum, og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði eða sambærilegu námi
- Þekking og reynsla á verkefnaviði ráðuneytisins
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Leiðtogaþæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

ATH. umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 6. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um embættið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að sinna embættinu.

Um er að ræða fullt starf sem skipað verður í hið fyrsta. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Með vísan til jafnréttis laga eru konur jafnt sem karlar hvattar til þess að sækja um embættið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

HUGSAR ÞÚ Í LAUSNUM?

FJÁRMÁLAFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og váttryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna.

Framundan á upplýsingatæknisviði er mikil uppbygging gagnagrunna, ásamt því að efla markvissa notkun þeirra og auka viðskiptagreind. Samstarf er við bæði innlendrar og erlendrar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Upplýsingatæknisvið býður upp á krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing í viðskiptagreind (Business Intelligence) á upplýsingatæknisvið til að styrkja góðan hóp starfsmanna. Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á viðskiptagreind, er með hæfileika til að vinna með viðskiptaæiningum, greina þarfir þeirra og útfæra lausnir. Þekking og reynsla af uppbyggingu á vörhúsi gagna ásamt reynslu af helstu Microsoft tölum á þessu sviði er kostur.

Starfssvið

- Þróun á vörhúsi gagna og gagnamódeli FME
- Uppbygging á viðskiptagreind (Business Intelligence)
- Greining á notkun gagna með viðskiptaæiningum
- Skýrslugerð og úrvinnsla gagna
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af notkun og uppbyggingu á vörhúsi gagna
- Mikill áhugi og þekking á viðskiptagreind
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL Server, Analysis Services, Integration Services, Reporting Services og Visual Studio æskileg
- Frumkvæði, jákvæðni, kraftur, nákvæmni og skipulagni í vinnubrögðum
- Hæfni til að vinna bæði sjálfstætt sem og í hóp

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

800 7000 – siminn.is

Hugbúnaðarþróun og rekstur

Við viljum efla hópinn

Hugbúnaðarþróun og rekstur leitar að öflugum sérfræðingum til að takast á við ögrandi framtíðarverkefni.

Hugbúnaðarþróun og rekstur er deild innan Símans sem vinnur skv. Agile aðferðafræðinni og notar Scrum og Kanban í verkefnum sínum. Verkefni deildarinnar eru afar fjölbreytt, bæði á sviði innri og ytri starfsemi, og tengjast grunnkerfum (símstöðvar, sjónvarpskerfi, viðskiptakerfi) eða vörum og þjónustum Símans.

UNIX-Kerfisstjóri

Starfslýsing:

Starfið felst í rekstri á ýmsum upplýsingatæknikerfum Símans. Unnið er með fjölmörgum deildum innan Símans sem sinna meðal annars hugbúnaðarþróun og framsetningu fyrir notendur. Leitað er að aðila með reynslu af rekstri á svipuðum kerfum.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða öðrum raungreinum eða önnur sambærileg menntun.
- Mjög góð þekking á Linux ásamt reynslu af rekstri upplýsingatæknikerfa.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð þekking á Internetstöðlum og þjónustum.
- Frumkvæði ásamt öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Æskileg reynsla:

- Þekking og reynsla af HP-UX, AIX, Solaris.
- Þekking af Open Source hugbúnaði, svo sem Bind, Apache vefþjónum og Tomcat.
- Reynsla af hýsingu netþjóna í vélasölum.
- Þekking á ITIL og nýlegum stöðlum er kostur.

Samþætting kerfa

Starfslýsing:

Starfið felst m.a. í að samþætta hin ýmsu upplýsingakerfi Símans til að auðvelda flæði upplýsinga og efla sjálfsafgreiðslu.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.
- Reynsla á sviði samþættingar upplýsingakerfa, þar sem notuð eru ferlatól á borð við Tibco Business Works og Webmethods.

Scrum master

Starfslýsing:

Starfið felst í stýringu Scrum hópa, greiningu verkefna og mótun vinnuferla.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af stýringu hugbúnaðarverkefna.

Viðmótsforritun

Starfslýsing:

Starfið felst m.a. í að forrita virkni fyrir ytri og innri vefi Símans með tengingum við vefþjónustur eða gagnagrunna.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði
- Reynsla af viðmótsforritun (html, CSS, Javascript, Spring), Java og vefþjónustum.

Almennar hæfniskröfur til umsækjenda eru sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni til mannlegra samskipta

Hjá Símanum er lögð mikil áhersla á góðan starfsanda, velferð starfsmanna og hvetjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Í boði er sveigjanleiki í vinnutíma og tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2010

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

Það er Síminn 

» Ráðningarþjónusta

Forritari/Verkefnastjóri

Sérhæft hugbúnaðarfyrtæki sem þjónustar mörg af stærri fyrirtækjum landsins óskar eftir að ráða forritara/verkefnastjóra til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða.

» Starfssvið

- Hugbúnaðarþróun
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina

» Hæfniskröfur

- Menntun/reynsla á sviði hugbúnaðargerðar
- Reynsla af viðskiptahugbúnaði kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

GRAFÍSK HÖNNUN & VEFSÍÐUGERÐ Í JOOMLA

OKKUR VANTAR GÓÐAN GRAFÍSKAN HÖNNUÐ!
Starfið felst í eftirfarandi:

1. JOOMLA VEFSÍÐUGERÐ OG LÉNA, DNS, E-MAIL, MYSQL OG DATABASE
2. SJÁ UM HYSINGU VEFJA OG LÉNA, DNS, E-MAIL, MYSQL OG DATABASE
3. HANNA BÆKLINGA OG BLAÐAUGLÝSINGAR Í ADOBE UMHVERFINU
4. HANNA LOGO OG YTRI UMGJÖRD FYRIRTAKJA OG STOFNANA
5. HANNA ÚTSENDIENI FYRIR PRENT (NAFNSPJÖLD, BRÉFSEFNI O.F.L.)
6. HANNA FLASH BANNERA OG AUGLÝSINGAR FYRIR VEFMIDLA
7. HANNA INNI- OG ÚTÍMERKINGAR - SKULTI OG BILAMERKINGAR
8. SKÖPULEGGJA VIÐBURDI OG SÝNINGAR FYRIR VIÐSKIPTAVINI OKKAR
9. HANNA BÁSA FYRIR SÝNINGAR OG MARGT FLEIRA
10. GETA UNNIÐ SJÁLFTÆTT, HRATT OG ÖRUGGLEGA

Þessi starf er aðallega á vinna@betristofan.is

BETRI STOFAN - STRANDGATA 11 - 2. HAED - HAFNARÞORUR

Capacent Ráðningar

ÞJÓNUSTUSTJÓRI

Dekkjahöllin í Reykjavík leitar að þjónustustjóra.

Starfið felst í daglegri umsjón með þjónustustöð fyrirtækisins í Reykjavík. Viðkomandi sér um að taka á móti viðskiptavinum, hefur umsjón með þjónustustöð, deilir niður verkefnum og sér um sölu, afgreiðslu og reikningagerð. Æskilegt er að viðkomandi geti jafnframt aðstoðað á verkstæði. Vinnutími er samkomulagsatriði, en opnunartími þjónustustöðvarinnar er frá 8:00-18:00 virka daga og 10:00-14:00 á laugardögum.

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Dekkjahöllin er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið í rekstri í yfir 25 ár. Í dag er fyrirtækið með hjólbarðaðþjónustu, smurstöð og þvottastöð á Akureyri og hjólbarðaðþjónustu og smurstöð á Egilsstöðum og í Reykjavík. Fyrirtækið flytur inn dekk, felgur og fleiri fylgihluti, sem seldir eru í smásölu og heildsölu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í bifvélavirkjun eða reynsla á sviði bifreiða- eða hjólbarðaðþjónustu æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð þjónustulund, fagleg framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum

capacent

Capacent Ráðningar

UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

KPMG leitar að sterkum liðsmönnum í öflugt teymi upplýsingatæknideildar. Verkefni eru fjölbreytt og krefjandi í alþjóðlegu umhverfi.

KERFISREKSTUR

Starfssvið

- Þátttaka í rekstri og þróun upplýsingakerfa félagsins í nánu samstarfi við erlenda samstarfsaðila ásamt úrvinnslu flóknari þjónustubeiðna
- Skjölun kerfa og verkferla
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Yfirgripsmikil þekking á kerfisrekstri
- Vottuð Microsoft þekking ásamt grunnþekkingu á einhverju forritunarmáli kostur

Helstu kerfi: Windows 2003/2008 netþjónar, Windows 2008 file service, Active Directory, DNS, DHCP, SharePoint, SQL Server 2005/2008, Exchange 2003/2010, System Center tölunum (SCCM, SCOM, SCSM) og WebSense.

Umsjón með störfunum hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfunum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



KPMG starfar í neti alþjóðlegra fyrirtækja. Á Íslandi starfa tæplega 240 manns hjá KPMG og er hópurinn skipaður sérfræðingum af öllum sviðum viðskipta.

NOTENDAPJÓNUSTA

Starfssvið

- Almenn þjónusta við notendur og úrvinnsla þjónustubeiðna
- Utanumhald og eftirfylgni vegna notendapjónustu
- Ýmis verkefni tengd vöktun, skýrslugerð og daglegum kerfisrekstri
- Fræðsla og gerð notendaleiðbeininga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Góð almenn tölvuþekking og reynsla af þjónustustörfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

capacent

Fjölskylda í Kópavogi óskar eftir aðstoð við heimilisstörf og þríf um 4 tíma á dag eftir hádegi. Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar á netfangið kopavog@gmail.com

A family in Kópavogur seeks domestic help for 4 hours pr day, in the afternoon. Please send information to kopavog@gmail.com



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Sérfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar

Heilbrigðisráðuneytið

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu yfirstjórnar ráðuneytisins. Skrifstofa yfirstjórnar annast samþættingu á starfsemi ráðuneytisins, auk sérstakra átaksverkefna svo sem viðvikjandi breytin-gastjórnun. Skrifstofan sér um skipan stjórnna, nefnda og ráða á vegum ráðuneytisins og fjallar einnig um rannsóknir og nýsköpun og önnur sóknarfæri í heilbrigðisþjónustu.

Starfssvið: Starfið fellst í sérfræðivinnu á skrifstofu yfirstjórnar, m.a. stefnumótun, verkefnisstjórnun, undirbúningi og framkvæmd skipulagsbreytinga, afgreiðslu ýmissa erinda og öðrum verkefnum sem undir skrifstofuna og ráðuneytið heyra.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun sem nýtist í stafi eða sambærileg menntun. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af verkefnisstjórnun og áætlan-agerð og hæfni til að leiða stefnumótun, undirbúning og framkvæmd skipulagsbreytinga. Gerð er krafa um góða tölukunnáttu, góða íslenskukunnáttu, góða enskukunnáttu og kunnáttu í einu öðru Norðurlandamáli. Nauðsynlegt er að umsækjandi búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum, geti unnið undir álagi og sjálfstætt. Þá er æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á starfsemi og rekstri ríkisstofnana og þekkingu á stjórnsýslunni.

Um er að ræða fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veita Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytissjóri (berglind.asgeirsdottir@hbr.stjr.is) og Sigurjón Ingi Haraldsson, skrifstofustjóri (sigurjon.ingi.haraldsson@hbr.stjr.is).

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist heilbrigðisráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík eða á postur@hbr.stjr.is eigi síðar en 5. september 2010.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Marel er alþjóðlegt hátækniyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3300 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnu-aðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

Umsjónarmaður fasteignar

Marel óskar eftir að ráða til starfa umsjónarmann fasteignar til að halda utan um rekstur, eftirlit og viðhald höfuðstöðva fyrirtækisins að Austurhrauni 9 í Garðabæ. Húsnæðið er 19.200 fm og í því starfa um 400 manns.

Í starfinu felst:

- Umsjón með almennu viðhaldi og breytingum
- Gerð samninga við verktaka vegna viðhalds, öryggisþjónustu og ræstinga
- Umsjón og eftirlit með þjónustu verktaka
- Gerð kostnaðaráætlana
- Umsjón með innkaupum og ráðstöfun húsbúnaðar
- Umsjón aðgangs- og öryggiskerfis
- Minniháttar viðhald og viðgerðir

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun eða sambærileg menntun
- Reynsla af rekstri og svipuðum umsjónarstörfum er kostur
- Framtakssemi og sveigjanleiki
- Jákvætt viðhorf og þjónustulund
- Skipulag og nákvæmni í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Snorri Þorkelsson, snorri.thorkelsson@marel.com, í síma 5638000.

Umsóknarfrestur er til og með 30 ágúst nk.

Vinsamlegast sækið um starfið á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs



www.marel.com

marel

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Markmið Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

Vefstjóri

Íslandsstofa óskar eftir vefstjóra til þess að hafa umsjón með innlendum og erlendum vefjum m.a. tengdum landkynningu, útflutningi, erlendum fjárfestingum og almennri upplýsingagjöf stofunnar. Um er að ræða nýtt starf.

Helstu verkefni:

- Daglegt viðhald og stýring á vefjum og vefverkefnum
- Ritstjórn vefja og innsetning á efni
- Þróun, samþætting og þarfagreining á vefjum og vefverkefnum
- Markaðssetning vefja

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnáttu, önnur tungumál eru kostur
- Haldgóð þekking á vefumsjónarkerfum
- Reynsla af markaðssetningu á Internetinu
- Gott auga fyrir hönnun og framsetningu á efni
- Góð samskipta- og skipulagshæfni

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Verkefnisstjóri	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201008/053
Sérfræðingur í viðskiptagreind	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201008/052
Starfsmaður	Landspítali Innk.og vörustj.	Reykjavík	201008/051
Viðskiptafræðingur	Landspítali	Reykjavík	201008/050
Náms- og starfsráðgjafi	Vinumálastofnun	Egilsstaðir	201008/049
Deildarlæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201008/048
Yfirlæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201008/047
Sérfræðingur í lyflækningum	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201008/046
Lögfræðingur	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Reykjavík	201008/045
Yfirproskapjálfi	Svæðisskrifst.mál.fatl.	Reykjavík	201008/044
Sjúkraliði	Sjúkradeildin Seyðisfirði	Seyðisfjörður	201008/043
Starfsmaður í samningamál	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201008/042
Umsjónarmaður fasteignar	Þjóðmenningarhúsið	Reykjavík	201008/041
Saksóknarfulltrúi	Embætti lögreglust.á Suðurn.	Njarðvík	201008/040

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsókn með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Innheimtudeild á lögfræðisviði


Við óskum eftir að ráða starfsmann til starfa í innheimtudeild á lögfræðisviði Arion banka hf.

Starfssvið

- Lögfræðileg innheimta
- Samskipti innan bankans og við opinbera aðila
- Skráning mála, afstemmingar og útreikningar
- Ýmis skjalagerð við innheimtuaðgerðir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á lögfræðisinnheimtu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta, þekking á Innheimtukerfi lögmanna æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Nákvæmni í vinnubrögðum



Hafðu samband
sími 444 7000 * arionbanki.is

Arion banki er framsækin banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðs- viðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavinum okkar í fyrsta sæti.

Nánari upplýsingar gefur Karl Óttar Pétursson hdl. forstöðumaður innheimtudeildar, sími 444 6178, netfang karl.petursson@arionbanki.is og Jónas Hvannberg í starfsmannþjónustu sími 444 6376, netfang jonas.hvannberg@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst 2010.
Umsækjendur saki um starfið á vef bankans,
www.arionbanki.is

 Arion banki

Óskum eftir járníðnaðarmönnum, vélvirkjum og stálskipasmiðum til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Örn Jónsson 897 5760
Skipalyftan ehf. Vestmannaeyjum



Leikskólasérkennari óskast

Leikskólinn Kjarríð ehf. Kópavogi vill ráða starfsmann í stuðning og sérkennslu.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara.

Upplýsingar gefur: Jóhanna Thorsteinson, leikskólastjóri
johanna@kjarriid.is í síma 554 3940 og 863 9111

Leikskólastjóri



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Leikskólastjóri

Staða leikskólastjóra við leikskólann Vesturkot í Hafnarfirði er laus til umsóknar.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að stýra og bera ábyrgð á að faglegu- og rekstrarlegu starf leikskólans og sér til þess að það sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, stefnu sveitarfélagsins, skólanámskrá og gildandi fyrirmæli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og framhaldsmenntun á sviðið stjórnunar.
- Reynsla af stjórnun leikskóla nauðsynleg.
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.
- Metnað og áhuga fyrir nýjungum.

Í Hafnarfirði eru íbúar rúmlega 26.000 og rekur bærin nú 15 leikskóla og er með þjónustusamning við þrjá til viðbótar.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er þjónustustofnun í þágu menntunar í bæjarfélaginu og þar starfa sérhæfðir starfsmenn sem veita faglega ráðgjöf og þjónustu sem hæfir hverju sinni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5500, netfang magnusb@hafnarfjordur.is en fræðslustjóri er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og FL. Umsókn þarf að innihalda yfirlit um menntun og reynslu ásamt ítarlegri greinargerð um fyrirhugaðar áherslur í skólastarfi. Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið. Umsókn skal skilað á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður, eigi síðar en 5. september 2010.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

Hringdu í síma

512 50 60
ef blaðið berst ekki



Stýrimann vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði.

Uppl. í s. 848 9071 & 893 5590
milli kl. 8-17.



Hótel Holt óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

Fagmenn í framreiðslu, framreiðslunema og aðstoðarfólk í sal.

Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, hafa gaman af mannlegum samskiptum, vera nákvæmur og hafa löngun til að sýna frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi. Fullt starf og hlutastarf. Áhugasamir sendi umsókn sína merkt „veitingarsalur“ á umsókn@holt.is

Uppvask

Leitað er eftir einstakling í kvöld- og helgarvinnu.
Vinsamlega sendið umsókn merkt „uppvask“ á umsókn@holt.is

HÓTEL HOLT - WWW.HOLT.IS - BERGSTADASTRÆTI 37 - 10 RVK - TEL: 552-5700



Stálsmiður / Vélvirki óskast til starfa. Hamar ehf Vélaverkstæði.

Hamar ehf, er framsækið málmiðnaðarfyrirtæki, með aðsetur í Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn. Við erum með vel útbúin vélaverkstæði með góðri vinnuaðstöðu. Eitt af okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan anda á vinnustaðnum, skila góðu verki og þjónustu.

Við leitum nú eftir að ráða til starfa stálsmið / vélvirki með víðtæka og góða reynslu á starfsstöð okkar á Grundartanga.
Samkeppnishæf laun í boði.

Menntun og Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í stálsmiði / vélvirkjun eða sambærileg menntun.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreytt starf og krefjandi verkefni.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frekari upplýsingar veitir Sigurður Árnason
Siggia@hamar.is 660 3603 eða Sigurður K. Lárusson
siggil@hamar.is 660 3613



STARFSMAÐUR Í ÁHAFNADEILD Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

STARFSSVIÐ:

- Tengiliður milli áhafna og flugdeildar
- Fylgjast með og uppfæra vinnuskrár áhafna
- Samskipti við áhafnahótel
- Halda utan um áætlunar- og leiguflygsskrá áhafna
- Samskipti við viðskiptavini flugdeildar

HÆFNISKRÖFUR:

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi með stúdentspróf eða sambærilega menntun. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði og hafa mjög góða samskiptahæfileika. Góð tölvuþekking og mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á 12 tíma vöktum, bæði dag- og næturvöktum. Starfsstöð er á Keflavíkurlugvelli.

Icelandair leitar að öflugum liðsmönnum sem hafa áhuga á krefjandi og spennandi störfum í alþjóðlegu umhverfi. Icelandair er í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair
www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 30. ágúst.

VERKEFNASTJÓRI DREIFIKERFA

STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á bókunarvélum Icelandair og viðhaldi þeirra
- Vinna með markaðssvæðum Icelandair, Amadeus e-Travel og öðrum samstarfsaðilum Icelandair
- Viðhald og innleiðing á bókunarferlum og tengdum kerfum
- Verkefnastjórnun á innleiðingu nýrra lausna

HÆFNISKRÖFUR:

Háskólamenntun í viðskipta- eða tölvunarfræðum. Mjög góð þekking á Amadeus bókunarkerfinu er nauðsynleg (Availability, FareQuote, Ticketing and Back Office Processes). Vilji til að læra nýja hluti og áhugi á því að vinna sem hluti af liðsheimi. Kræfist er sjálfstæðra vinnubragða og góðra samskiptahæfileika.
Reynsla af verkefnastjórnun er nauðsynleg.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

Kristín Björnsdóttir, sími 50 50 155,
stina@icelandair.is

PFAFF

Pfaff er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í yfir 80 ár, og það á sömu kennitölunni. Starfsfólkið er stolt af fyrirtækinu sem er í senn rótgróið og íhaldssamt en þó síungt í anda.

ERT ÞÚ SÖLUMANNAÐUR AF GUÐS NÁÐ?

Ef svo er – þá ættir þú að lesa áfram. Við leitum nefnilega að framúrskarandi sölumanni með einstaka þjónustulund til að slást í samstilltan starfsmannahóp PFAFF. Starfið felst aðallega í sölu á ljósum, heyrnartólum, smáraftækjum og saumavélum – allt vörumerki á heimsmælikvarða.

- Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, reglusamur, stundvís, duglegur, skemmtilegur, fær í mannlegum samskiptum, hugmyndaþróun og skapandi, metnaðarfullur og hefur ríka þjónustulund og söluhæfni. Það skaðar ekki að hafa reynslu af sölu í verslun, en er ekki skilyrði.
- Vinnutími er 9-18 alla virka daga og u.þ.b. annan hvern laugardag. Lokað er á laugardögum á sumrin.



Upplýsingar veitir:
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með
29. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs

Laus er til umsóknar staða forstöðumanns Menningar-miðstöðvarinnar Gerðubergs

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er allhliða menningarmiðstöð sem leggur áherslu á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista. Menningarmiðstöðin er ein af menningarstofnunum Reykjavíkurborgar og heyrir undir Menningar- og ferðamálasviði.

Ábyrgðarsvið forstöðumanns:

- Forstöðumaður ber ábyrgð á stjórnun og rekstri menningarmiðstöðvarinnar.
- Forstöðumaður skipuleggur starfsemi menningarmiðstöðvarinnar og sér um faglega starfsemi hennar.
- Forstöðumaður annast tengsl og samskipti við viðskiptavinum og samstarfsaðila menningarmiðstöðvarinnar.

Kröfur gerðar til umsækjenda:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg.
- Viðtæk þekking og reynsla á menningar- og listastarfi

ásamt viðburðastjórnun.

- Stjórnunarreynsla, leiðtogahæfileikar og skipulagshæfni.
- Þekking og reynsla af breytingastjórnun.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Haldbær reynsla af áætlanagerð og verkefnisstjórn.
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs.

Nánari upplýsingar veita: Sviðsstjóri svanhildur.konradsdottir@reykjavik.is og skrifstofustjóri rekstrar og fjármála berglind.olafsdottir@reykjavik.is Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til og með **5. september nk**. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Launakjör heyrir undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar og um ráðningarréttindi gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Menningar- og ferðamálaráð ræður í stöðuna að fenginni tillögu sviðsstjóra.



ÞJÓNUSTULIÐI - RÆSTING í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjórnar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari
